

	<p>Svava Björk Jónsdóttir, BA arkitekt, hönnuður, lýkur mastersnámi við Edinburgh College of Art haust 2008</p>
<p>Menntun</p>	<p>Myndlistabraut FB. Iðnskólinn í Reykjavík, hönnunarbraut. Ýmis tölunámskeið. Listaháskóli Íslands BA. Edinburgh College of Art Diploma, Master</p>
<p>Vinnustaður</p>	<p>Batterið Arkitektar síðan 1999 og Altech verkfræðistofa.</p>
<p>Netfang og/eða farsími</p>	<p>Svava(hjá)arkitekt.is</p>
<p>Gerðist félagi</p>	<p>28 mars 2007</p>
<p>Viðfangsefni /starf</p>	<p>Vinn sem arkitekt og hönnuður hjá Batteríinu Arkitektum. Hef tekið þátt í samkeppnum á ýmsum hönnuðarsviðum og má nefna að ég hlaut ásamt Sólborgu Sumarrós fyrstu verðlaun hjá Samtökum iðnaðarins og Gullsmíðafélagi Íslands um skírnargjöf árið 2007. Hannaði menið <i>Kærleikur</i>. Tek að mér hönnuðarverkefni á ýmsum sviðum.</p>
<p>Pælingar mínar tengdar vinnuvistfræði</p>	<p>Ég hef mikinn áhuga á vinnuvistfræði í fjölbreyttri mynd, m.a. að tengja hana arkitektúr. Ég er núna í námi sem er tileinkað arkitektúr og vellíðan. Þar er einblínt á hvernig hægt er að blanda saman arkitektúr og almennri vellíðan manneskjunnar í byggingunni. Í arkitektúr hefur vinnuvistfræðni aðallega verið höfð í huga innan spítalanna og öðrum heilbrigðisstofnunum en við erum að reyna að koma hugsuninni um vinnuvistfræði til skila í öllum tegundum bygginga. Einnig er unnið mikið með „grænan“ arkitektúr og tengingar við náttúruna. Að mínu mati er vinnuvistfræði mjög vítt hugtak og eitt af mikilvægustu atriðum umhverfis okkar. Umhverfi sem við eyðum megni dagsins í. Ég hef einnig kynnst vinnuvistfræði í starfi mínu hjá föður mínum á verkfræðistofunni ALTECH sem tileinkar sér umhverfisvæna tækni í álverum um allan heim.</p>
<p>Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert</p>	<p>Ég er jákvæð að eðlisfari svo að lífið er bara eitt stórt skemmtilegt atriði. Það sem stendur hæst núna er fæðing sonar míns, sem var aðeins fyrir fáeinum dögum eða 21. janúar. Við fjölskyldan erum hérna í Edinborg að klára námið og það ævintýri stendur hæst í huga mér núna. Vinnan mín er mitt áhugamál svo að hver dagur er í raun skemmtun. Ásamt dætrum mínum, syni, fóstursyni og manni er fjölskyldan mín skemmtun í lífinu.</p>